



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 8. fundar
(1. fundur á skólaárinu 2011-2012)
mánudaginn 18. október 2011 kl. 15:00

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Þórir Andri Karlson, kennari
Viktoría Gílsdóttir, kennari
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, ritari
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi
Kristín Ingvadóttir, foreldri
Níels Adolf Guðmundsson, foreldri
Unnur Agnes Níelsdóttir, nemandi
Selma Björk Hermannsdóttir, nemandi
Agnes Jórunn Andrésdóttir, varafulltrúi nemenda.
Samúel Stefánsson, varafulltrúi nemenda.

Fundarritari var Helga Júlía Vilhjálmsdóttir

1. Farið var yfir reglugerð um skólaráð / nýjar reglur kynntar um kosningu fulltrúa nemenda í skólaráð.

Fyrsta mál á dagskrá var að rifja upp og kynna, reglugerð um skólaráð og hlutverk þess.

Margrét sagði frá því að nemendur skólans bjuggu til reglur um það með hvaða hætti væri kosið um fulltrúa í skólaráð á hverju skólaári. Níundu bekkingar hófu umræðuna og komu með tillögur sem voru samþykktar í bekknum eftir mjög málefnalegar umræður. Síðan voru þær tillögur bornar upp í 10. bekk og 7./8. bekk. Niðurstaðan var sú að allir nemendur samþykktu tillögurnar, nema einn, sem gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Framkvæmd kosninga var ákveðin þannig:

Í byrjun hvers skólaárs er 9. bekkjum boðið að gefa kost á sér í skólaráð. Áður en gengið er til kosninga þá kynna frambjóðendur sig í öllum bekkjum. Síðan er atkvæðagreiðsla. Sá sem hlýtur flest atkvæði verður fulltrúi nemenda til tveggja ára. Sá/sú sem hlýtur næst flest atkvæði verður varamaður í ráðinu.

Eftir að reglurnar voru samþykktar og skráðar var gengið til kosninga og kosinn var nýr fulltrúi nemenda til tveggja ára; Selma Björk Hermannsdóttir, 9. bekk. Til vara voru jöfn

að atkvæðafjöldi; Agnes Jórunn Andrésdóttir og Samúel Stefánsson. Allir nemendur skólans voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

2. Verkefni skólaráðs á síðasta ári.

Skólaráðið hittist þrisvar á síðasta skólaári og í byrjun maí var auk þeirra haldinn „opinn fundur“ þar sem nemendur, kennarar og foreldrar fóru saman í leikhús. Allir voru sammála um að leikhúsferðin hafi heppnast afar vel. Á einum fundi var farið var yfir öryggismálin, eldvarnir og öryggi gagnvart óæskilegum heimsóknum. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að hafa skólahúsið læst á skólatíma í samráði við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins. Skólinn er nú læstur og hefur það gengið mjög vel. Skólareglur skólans voru einnig endurskoðaðar og þeim breytt lítillega.

3. Viðfangsefni skólaráðs skólaárið 2011-2012.

Rætt var um fjölda funda og samþykkt að hafa 3-4 fundi á skólaárinu. Næsti fundur verður þriðjudaginn 18. janúar 2012. Margrét benti á að samkvæmt lögum um grunnskóla á nemendaráð skóla að sitja einn skólaráðsfund og var því ákveðið að bjóða þeim að koma á næsta fund. Þriðji fundur verður 13. mars þar sem farið verður yfir skóladagatal næsta árs. Tillaga að stórum opnum fundi var rædd og sagt frá því að Ólafur Grétar hjá ÓB ráðgjöf hefði boðist til að halda námskeið fyrir foreldra og nemendur í tengslum við verkefnið „Hugsað um barn“ sem verður á dagskrá hjá 10. bekkingum eftir jól. Ákveðið var að fjalla nánar um þetta á næsta fundi.

4. Erindi frá nemendum.

Erindi barst frá nemendum í Kvos um að fá að sleppa því að hafa afmarkaðan nestistíma (sarp) í hádeginu. Þá er kennari með þeim í 15 mínútur meðan þeir eru að borða nestið sitt. Eldri nemendur hafa það frelsi að mega sjálfir ráðstafa nestistímanum. Erindið var rætt. Niður staðan varð sú að ákveðið var að hafa skipulagið óbreytt en að nemendur fái að taka erindið aftur upp áður en þriðja og síðasta önn hefst (þegar vorar). Það eru fordæmi fyrir því að nemendur fái aukið frelsi á síðasta sprettinum hvað þetta varðar.

5. Önnur mál.

Umræðupunktur:

Á þessu hausti fluttu Kvennaskólanemendur í Miðbæjarskólann. Ragnheiður, sem er jafnframt í skólanefnd Kvennaskólans, spurði hvernig það legðist í okkur að fá framhaldsskólanemendur hinu megin við götuna. Allir voru sammála um að við þeir væru góðir grannar. Við verðum mjög lítið vör við nemendur skólans.

Ragnheiður benti okkur á að nú væri búið að gera íþróttasalinn í Miðbæjarskólanum upp auk þess sem sturtuadstaða er mjög góð. Hún benti einnig á að þarna gæti opnast möguleiki fyrir okkur á að nýta salinn fyrir íþróttatíma. (Sá salur var notaður í mörg ár,

allt þar til Menntasvið Reykjavíkur flutti í húsið. Þá var íþróttasalnum breytt í fundaraðstöðu.) Hún sagði okkur líka frá mötuneyti skólans sem er staðsett á Grundarstíg.

Rangheiður benti á að Kvennaskólinn væri í samstarfi við Öryggismiðstöðina um frágang eftir skóla og spurði hvernig þeim málum væri háttað í Tjarnarskóla. Í framhaldinu fór Margrét yfir helstu öryggismál skólans.

Unnur, fulltrúi nemenda, kom með tillögu að annarri leikhúsfærð. Það var mjög vel tekið í þá hugmynd og rætt um að hafa leikhúsfærð árlegan viðburð (hluta af menningu skólans).

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir rétt um klukkustund.

HJV

Fylgiskjöl á fundinum:
Reglugerð um skólaráð
Skóladagatal 2011-2012